


Eyðublöð

Samskipti fyrir ferlilotu án komu Skilyrðingar og nýtt svæði á eyðublaði nr. 421 TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort Saga 2020.1


Samskipti fyrir ferlilotu án komu

Nú er hægt að búa til samskipti beint undir ferlilotu án þess að koma sé valin. Þegar fyrsta koma er svo búin til þá færast samskiptin þangað undir.


Notandi er staddur í Eyðublaðaeiningu. Skjólstæðingur á ferlilotu með engri komu á. Notandi hægrismellir á ferlilotuna og getur valið "Hefja ný samskipti".




Samskiptin verða til beint undir ferlilotunni og engin koma er sýnileg.



Notandi er staddur í Afgreiðslueiningunni og skjólstæðingur er skráður í þetta ferli og merktur „kominn“.



Í Eyðublaðaeiningu er nú komin koma fyrir ofan samskiptin sem voru búin til áður.



Skilyrðingar og nýtt svæði á eyðublaði nr. 421 TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um staðiskort

Nýjum skilyrðingum á innslegin gögn var bætt við eyðublað nr. 421. Einnig var nýju svæði fyrir gildistíma bætt við.

Skilyrðingar

- Orsök hreyfihömlunar/sjúkdómsgreiningar. A.m.k. ein orsök skal skráð
- Ástæða umsóknar. Ástæða umsóknar skal skráð
- Vegalengd sem umsækjandi getur gengið: Vegalengd án hjálpartækis skal skráð.
- Áhrif á umsækjanda. Áhrifin á umsækjanda skal skráð
- Horfur um breytingar á hreyfihömlun. Horfur um breytingar skulu skráðar

Gildistími

8. Gildistími	
Aldurstengd hreyfihömlun einungis í boði fyrir einstaklinga 70 ára og eldri	Veljið ef óvissa er um batahorfur
<input checked="" type="radio"/> Tímabundin hreyfihömlun (6 mánuðir)	<input type="radio"/> 6 mán (0,5 ár)
<input type="radio"/> Óvissa um batahorfur (veljið tímalengd)	<input type="radio"/> 12 mán (1 ár)
<input type="radio"/> Varanleg hreyfihömlun, yngri en 70 ára (10 ár)	<input type="radio"/> 18 mán (1,5 ár)
<input type="radio"/> Aldurstengd hreyfihömlun, 70 ára og eldri (m.v. aldur)	<input type="radio"/> 24 mán (2 ár)
	<input type="radio"/> 30 mán (2,5 ár)
	<input type="radio"/> 36 mán (3 ár)
Lengd gildistíma	
6 mánuðir	

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir